



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 3. fundur stjórnar KLÍ, 2010-2011  
**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ  
**Hvenær:** Miðvikudag. 11.08.2010 kl. 17:30  
**Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (PI) formaður  
Pórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður  
Guðmundur Sigurðsson (GS) ritari  
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri  
Ómar Kristjánsson (ÓK) fundarritari  
Guðmundur Jóhann Kristófersson (GJK) varamaður

**Boðuð forföll:**  
**Fjarverandi:** Höskuldur Höskuldsson (HH) varamaður  
Ingi Geir Sveinsson (IGS) varamaður

**Fundarritari:** ÓK

**Helstu mál:** Fundargerð s.f., tengiliðir í nefndir og önnur mál

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

#### 2. Athugasemdir

VG gerir athugasemd við lið tvö í síðustu fundargerð um að hægt hefði verið að spara félögunum kr. 20 þúsund pr. keppanda í landsliðsferðum. Telur að sparnaður af því að nýta ódyrara flug til München hefði orðið lítil sem enginn auk töluverðs óhagræðis.

#### 3. Tengiliðir í nefndir.

Stjórnin skipti með sér tengslum við nefndir þannig:

Aganefnd: Ómar Kristjánsson  
Unglinganefnd: Pórarinn Már Þorbjörnsson  
Mótanefnd: Valgeir Guðbjartsson  
Landsliðsnefnd: Höskuldur Höskuldsson  
Tækninefnd: Ingi Geir Sveinsson  
Upplýsinganefnd: Guðmundur Sigurðsson

Rætt var um skipan í nefndir sambandsins. Ákveðið að óska eftir tilnefningum frá félögunum.

#### 4. Olíuburður.

Rætt var um hvort hafa ætti mismunandi olíuburð á brautum í mótum vetrarins. Stefnt að því að þessi mál verði komin á hreint fyrir næstu mánaðarmót.

#### 5. Íslandsmót félaga.

Stjórnin samþykkti fyrirbyggjandi tillögu að reglugerð um Íslandsmót félaga. Reglugerðin verður kynnt félögunum innan tíðar.

#### 6. Nordic Cup.

Kynnt voru drög að dagskrá mótsins sem halda á í nóvember 2011. Stjórnin samþykkti að taka að sér mótshaldið.

### 6. Önnur mál.

Rætt var um framkvæmd Utandeildarinnar. Voru menn sammála um að framkvæmd hefði hnignað og þátttaka minnkað. Rætt var um leiðir til að efla utandeildina en engar ákvarðanir teknar.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

Fundi slitið 19:00 – næsti fundur ákveðinn næsta miðvikudag þann 18. ágúst.